

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Arnarhvoli,

Reykjavík

Reykjavík, 28. ágúst 2019

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um innheimtu opinberra skatta og gjalda

Vísað er til birtingar í samráðsgátt stjórnvalda þann 24. júlí sl. þar sem aðilum er gefinn kostur á að senda inn umsögn um drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um innheimtu opinberra skatta og gjalda.

Í 19. gr. frumvarpsins um upplýsingagjöf segir í 2. mgr.:

Innheimtumönnum ríkissjóðs skal heimill aðgangur að fasteigna-, skipa- og ökutækjaskrá, Verðbréfaskráningu Íslands og vinnuvélaskrá Vinnueftirlitsins í því skyni að sannreyna eignastöðu einstakra gjaldenda.

Núverandi heimild fyrir innheimtumenn til að afla upplýsinga má finna í 5. mgr. 111. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt en þar segir:

Innheimtuaðilum samkvæmt þessari grein skal heimill aðgangur að fasteigna-, skipa- og ökutækjaskrá í því skyni að sannreyna eignastöðu einstakra gjaldenda.

Í þessu frumvarpi hefur því verið bætt við heimild til aðgangs að „Verðbréfaskráningu Íslands“ eins og það er orðað í frumvarpinu. Telja verður það sérstakt að vísa til með þessum hætti til einkaaðila á markaði sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Að auki má benda á að önnur verðbréfamiðstöð hefur hlotið starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 131/1997 og með þessu orðalagi má draga í efa aðgang innheimtuaðila að upplýsingum í þeirri verðbréfamiðstöð. Þá er að auki rétt að taka það fram að Verðbréfaskráning Íslands breytti nafni sínu fyrir mörgum árum í Nasdaq verðbréfamiðstöð hf.

Lagt er til að úr ákvæðinu verði fellt út „Verðbréfaskráningu Íslands“ og í stað þess hljóði ákvæðið svona:

Innheimtumönnum ríkissjóðs skal heimill aðgangur að fasteigna-, skipa- og ökutækjaskrá, ~~Verðbréfaskráningu Íslands~~ og vinnuvélaskrá Vinnueftirlitsins auk aðgangs að upplýsingum um eignarskráningu í verðbréfamiðstöð, í því skyni að sannreyna eignastöðu einstakra gjaldenda.

Nasdaq verðbréfamiðstöð hefur ekki frekari athugasemdir við frumvarpið og er undirrituð fús til frekari umræðu og samstarfs um ofangreint mál.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Árnína S.K.'.

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,
yfirlögfræðingur Nasdaq á Íslandi.